

Dagskrá stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, 3. nóvember 2011, kl 08:00 Haldinn með aðstoð síma frá Hólmavík, Bíldudal og Ísafirði.

Mætt voru Albertína Fr. Elíasdóttir, formaður og Jóna Benediksdóttir í forföllum Sigurðar Péturssonar, í síma voru Friðbjörg Matthíasdóttir (Bíldudal), Ómar Már Jónsson (Súðavík), Jón Jónsson (Hólmavík) og Sveinn Ragnarsson (Reykholar) í forföllum Jóns Jónssonar. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og Dána Jóhannsdóttir sem ritaði fundargerð.

Til fundarins var boðað með dagskrá sem send var út með tölvupósti 2. nóvember s.l.

Gengið til dagskrár.

Inn á fundinn kom í gegnum síma Arnheiður Jónsdóttir, verkefnastjóri BsVest.

1. Málafni Byggðasamlags Vestfjarða um málafni fatlaðs fólks.
 - a. Fundargerð verkefnahóps 19. október 2011
Fundargerð lögð fyrir og samþykkt.
 - b. Fundargerð verkefnahóps 1. nóvember 2011
Fundargerð lögð fyrir og samþykkt.
 - c. Reglur um skammtí mavistun
Arnheiður Jónsdóttir, verkefnastjóri BsVest fór yfir reglur varðandi skammtí mavistun. Stjórn FV samþykkir reglurnar en fær er til bókar athugasemd um endurskoðun 8 vikna biðtíma eftir ákveðinn tíma. Einnig skal sjá til þess að þeir einstaklingar sem njóti meiri þjónustu en segir til um í nýjum reglum fái tilkynningu þess efnis að þjónusta þeirra skerðist ekki.
Reglurnar verða því sendar til félagsmálanefnda sem ber að skila sínu álitum fyrir 8. desember n.k. Eftir það verða þær lagðar fyrir stjórn FV til fullnustu samþykktar.
 - d. Minnisblað verkefnisstjóra um málafni BsVest
Arnheiður Jónsdóttir kynnir minnisblað um málafni byggðasamlagsins. Stjórn óskar eftir því að farið verði ítarlega yfir fjármál BsVest með tilliti til umsýslukostnaðar og til að finna skýringar á mun á kostnaði í áætlunum sveitarfélags aog áætlunum BsVest. Einnig ákvað stjórn að boða til fundar aftur þar sem farið verður yfir málafni BsVest eingöngu. Lagt er til að slíkur fundur verði í tengslum við auka Fjórðungsþing, 25. nóvember n.k.

Arnheiður Jónsdóttir vék að fundi.
2. Fundargerð stjórnarfundar FV, 19. október 2011
Fundargerð send út í tölvupósti 21. október s.l., engar athugasemdir komu fram.
Fundargerð borin upp og samþykkt.
3. Niðurstaða matsnefndar rannsóknarstyrks
Stjórn staðfesti val skipaðs starfshóps um val á verkefni, er það verkefni Háskólaseturs Vestfjarða, Hafrannsóknarstofnunar og Marels um þróun nýrrar tækni í botndýraveiðum.
4. Fundur þingmanna með sveitarstjórnnum 27. október 2011
Minnispunktur af þingmannafundi lagðir fram. Óskað er eftir að athugasemdir berist Díönu Jóhannsdóttur fyrir hádegi 3. nóvember.
Formaður varpar fram spurningu til stjórnar um hvernig sé best að fylgja þingmannafundinum eftir. Leggur hún til að hún skrifi bréf til þingmanna kjördæmisins þar sem óskað sé eftir fundi með þingflokki á Alþingi og verði það sent með gögnum af fundinum. Einnig væri þá hægt

að funda með nefndum Alþingis, þar sem farið verði yfir málefni Vestfjarða.

Jón Jónsson vék af fundi en hann hefur ákveðið að taka ekki þátt í dagskrárliðum 5. – 7. á grundvelli vanhæfnisástæðna, þar sem hann er starfsmaður Menningarráðs Vestfjarða sem er hluti af stoðkerfinu.

5. Dagskrá auka Fjórðungsþings Vestfirðinga
Aðeins eitt mál er á dagskrá auka Fjórðungsþings, sem áætlað er að hafa föstudaginn 25. nóvember n.k. Framkvæmdastjóra falið að setja upp dagskrá þegar málefnið skýrist betur.

Fundi frestað til 4. nóvember 2011, kl: 08:00.

Formaður lagði til breytingu á röð dagskrárliða, að stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar væri rætt á undan nefndarlaunum starfshóps um stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar.

6. Stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar
Þetta mál tekið fram yfir málefni 6.
Albertína Fr. Elíasdóttir og Ómar Már Jónsson, fóru yfir, til upplýsingar, síðustu fundi starfshópsins. Lögð fram greingargerð sem unnin var af starfshópnum, samþykkt að vinna áfram að málinu. Einnig var ákveðið að boða til fundar með öllum viðkomandi stjórnnum, og verður sá fundur 8. nóvember n.k.

Albertína Fr. Elíasdóttir og Ómar Már Jónsson véku af fundi.

7. Nefndarlaun starfshóps um stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar
Borist hefur ósk um greiðslu vegna fundarsetu í starfshóp vegna endurskoðunar stoðkerfis atvinnu og byggða.
Albertína Fr. Elíasdóttir og Ómar Már Jónsson draga sig út úr umræðunni vegna setu sinnar í starfshópnum.
Fyrsti fundur starfshópsins var 21. september s.l. og mun starfshópurinn leggja fyrir á auka Fjórðungsþingi tillögur sínar, 25. nóvember n.k. um er að ræða tveggja mánaðavinnu og samþykkti stjórn að greitt væri fyrir fundarsetu líkt og aðalmönnum í stjórn FV er greitt. Það er því um að ræða 3% af þingfarakaupi í 2 mánuði.

8. Önnur mál.

Aðsend bréf og tölvupóstur

Dagssetning	Sendandi	Efni bréfs	Afgreiðsla
25.10.2011	Skipulagsstofnun	Landsskipulagsstefna	Meginatriði landsskipulagsstefnu kynnt, m.a. strandsvæði. Boð um þátttöku í stefnumótun.
28.10.2011	Árneshreppur	Bréf til samgönguráðs	Áherslur Árneshrepps í samgöngumálum.
02.11.2011	Samband íslenskra sveitarfélaga	Fundargerð stjórnar, stjórnar og LHSS og samráðsvettvangs ríkisstjórnar og stjórnar sambandsins	Til kynningar.

Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri fór yfir bréf Skipulagsstofnunar þar sem aðila frá FV er boðið að taka þátt í stefnumótun vegna landsskipulagsstefnu. Tilnefna þarf aðila fyrir 15. nóv.

Bréfi Árneshrepp er vísað til samgöngunefndar til umfjöllunar. Bréfið verður einnig sent þingmönnum kjördæmisins með gögnum af þingmannafundi 27. október s.l.

Fundi slitið 09:30.